

Ágætu tilheyrendur!

Skömmu eftir síðasta aðalfund LS var mynduð ríkisstjórn. Öðru sinni undir forystu Katrínar Jakobsdóttur. Fyrir okkar málaflokk fór og fer Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra. Ekki var ráðherra búinn að vera lengi í embætti þegar hann gaf út reglugerð sem heimilaði notkun flottrolls við veiðar á loðnu úti fyrir Norðurlandi. Var það m.a. gert að beiðni útgerðarinnar þar sem sagt var

„Við erum vissir um að við værum að veiða loðnu ef við fengjum að nota trollin. Menn telja sig sjá eitthvað af loðnu en hún er ekki komin nógu langt upp til að nótin nái niður á hana“.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar til ráðherra kom fram að stofnunin væri ekki andvíg tímabundnum veiðum með flotvörpu á afmörkuðu svæði. Svæðið tæki mið af því að þar hafi ekki fundist ungloðna í haustleiðangri 2021. Jafnframt var rifjað upp að svæðatakmörkun um flotvörpuveiðar hafi verið sett til að koma í veg fyrir veiðar á ungloðnu og meðafla sem og að koma í veg fyrir afföll loðnu vegna möskvasmuga. Skemmt er frá því að segja að nýskipaður ráðherra lét ekki nægja að heimila flottrollið til áramóta, heldur framlengdi til 15. janúar og enn á ný til 31. janúar, til 15. febrúar. Flottolsveiðar á loðnu voru heimilaðar á nýjum svæðum í two og hálfan mánuð.

Hvers vegna kýs ég að hefja mál mitt á þessari upprifjun. Jú – ætli
það sé ekki vegna þess að smábátaeigendur hafa dauðans áhyggjur
af notkun flottrolls við loðnuveiða. Þeir ítrekuðu skoðun sína á síðasta
aðalfundi þar sem þeir skoruðu á sjávarútvegsráðherra að heimila ekki
veiðar með flottrolli á loðnu. Í greinargerð með samþykktinni segir
eftifarandi:

*„Ekki hefur verið veitt með flottrolli, í tvö til þrjú ár og eru áhrif
þess þegar komin fram. Bent skal á stærsta stofn loðnu í
áratugi og grásleppu þar sem stofninn hefur tvöfaldast.“*

Fyrir réttu ári var málflutningur Hafrannsóknastofnunar á þá leið að
þjóðin mætti búast við tveimur góðum vertíðum í röð, þeirri sem þá var
nýhafin og vertíðinni sem hefst innan skamms.

Í haustleiðangri stofnunarinnar (2021) mældist stofninn 1 833 þús tonn
sem leiddi til ráðlagðrar veiði upp á 904 þúsund tonn, en að teknu tilliti
til mælingarinnar var lokaráðgjöfin hundrað þúsund tonnum lægri 800
þúsund tonn, endaði svo í 869 600 tonnum.

Landssamband smábátaeigenda hefur margsinnis ályktað um notkun
flottrolls við loðnuveiðar, nú síðast á aðalfundi félagsins í október 2021
þar sem samþykkt var að skora á sjávarútvegsráðherra að heimila
ekki veiðar með flottrolli á komandi loðnuvertíð. Með tillöggunni fylgdi
áður tilvitnuð greinargerð.

Þann 30. nóvember 2021 birti alþjóðahafrannsóknaráðið upphafsráðgjöf á vertíðinni 2022/2023. Hámarksráðgjöf var kynnt 400 þúsund tonn í samræmi við gildandi aflareglu og niðurstaðna mælinga í september á stærð ókynþroska hluta loðnustofnsins, eins og tveggja ára. Fjöldinn nú 130 milljarðar en var 146 milljarðar ári á undan sem gaf endanlega ráðgjöf eins og áður sagði 870 þús tonn. Útfrá þessum upplýsingum gátu menn búist við tveimur metvertíðum í röð.

En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Nú réttu ári síðar ráðleggur Hafrannsóknastofnun að loðnuafli í vetur verði ekki meiri en 218 400 tonn. Þegar búast mátti við 800 þúsund tonnum er ráðgjöfin 73% lægri.

Hrygningarástofn 2022 metinn 763 000 tonn sem ætla mætti að hafa verið 1 632 þúsund tonn. Mér er spurn:

- Hvað er að?
- Hvers á þorskurinn að gjalda?
- Er ástæða til að óttast fæðuskort hjá honum?
- Hvað veldur þessu?

Ég ítreka greinargerð aðalfundar LS frá 2021:

- „*Ekki hefur verið veitt með flottrolli, í tvö til þrjú ár (2019/2020, 2020/2021) og eru áhrif þess þegar komin fram. Bent skal á stærsta stofn loðnu (2021/2022) í áratugi og grásleppu þar sem stofninn hefur tvöfaldast.*“

Sérfræðingar þar með talið þeir sem starfa hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu –

- Hvað fór úrskeiðis?
- Hvaða áhrif hafði gengdarlaus notkun flottrolls í two og hálfan mánuð?
- Hvað varð um alla ungloðnuna?
- Smaug hún um möskva og drapst?

En snúum okkur þá að strandveiðum.

21. desember sl. ákvað matvælaráðherra að breyta reglugerð frá í júlí um strandveiðar. Í stað viðmiðunar upp á 10 000 tonn varð hún færð niður í 8 500 tonn. Smábátaeigendur ærðust við þessa ákvörðun og mótmælti LS henni harðlega á fundi með ráðherra þann 5. janúar.

„Sagði hana ganga þvert á þau markmið að tryggja 48 daga til strandveiða.“

Í framhaldi af viðræðum við ráðherra voru forystumenn ekki niðurlútir, heldur treystu á að ráðherra myndi endurskoða ákvörðunina sem myndi að óbreyttu grípa hastarlega inn í áform 700 útgerða sem byggðu á gildandi reglugerð frá júlí, auk þess að snerta flest öll byggðarlög landsins. Í reglugerð um strandveiðar í lok apríl hafði ráðherra með réttu endurskoðað ákvörðunina og 10 000 tonn voru endurheimt.

Almennt má segja að strandveiðar hafi gengið vel sl. sumar. Þau skilaboð voru gefin að við bestu aðstæður eins og þá voru, gæti afli farið í 13 500 tonn. Strandveiðar eru hins vegar háðar því hvað fæst af þorski á skiptimarkaði Fiskistofu. Það má ekki gerast aftur að loðna sem metin er til 0,36 þorskígilda falli niður í 0,031 á tilboðsmarkaði stofunnar. Fyrir 35 þús tonn af loðnu fengust því ekki 12 632 tonn af þorski heldur 1 079 tonn. Hefði aðeins fjórðungurinn skilað sér hefðu strandveiðar staðið út ágúst. Ég lét hafa eftir mér í viðtali að það væri óþolandí staða að strandveiðar stæðu og féllu með duttlungum stórútgerðarinnar. Auðvitað á það ekki að vera þannig.

Strandveiðar og línuívilnun eru sérstök veiðikerfi þar sem aflamarki er ekki úthlutað. Þess vegna eiga þessi kerfi að standa fyrir utan eiginlegt aflamarkskerfi. Það getur verið misjafnt hversu mikið veiðist ár frá ári. Sjaldan fer saman einmunatíð eins og í sumar og hörkugott fiskerí. Að sjálfsögðu á kerfið að geta mætt því. Yfir langan tíma jafnast þetta út, t.d. getur hálfsmánaðarbræla um land allt sett allt úr skorðum og gert það að verkum að afli náist ekki á þeim 48 dögum sem ætlaðir eru til standveiða. Hendi slíkt er óheimilt að bæta við tímabilið og jafnframt er innbyggt í kerfið, að dögum fjölgar ekki þrátt fyrir að nægar heimildir verði til staðar eins og átti sér stað árin 2018 og 2019. Af þessum sökum og fjölmörgum öðrum eru engin rök fyrir því að ákvæði um stöðvun strandveiða innan tímabilsins eigi rétt á sér.

Sátt er um að strandveiðar verði í 48 daga og standi yfir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst. Til að það gangi eftir verður að breyta lögum, fella brott ákvæði um að Fiskistofa skuli með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla verði náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Með því væri 48 daga strandveiðikerfi frá maí, til loka ágúst komið í lög.

Vanti stjórnvöldum enn meiri rök, geta þau hæglega búið þau til með því að breyta nýtingarstefnu fyrir þorsk og hafa þar inni fyrirvara um afla 48 daga strandveiðikerfis.

Leyfilegur heildarafla í þorski

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá júlí sl. er boðað að skerðing aflaheimilda í þorski sé lokið að sinni. Veiðistofn vaxi úr 1 070 þúsund tonnum í 1.124 þúsund tonn. Eftir að hafa fylgst með aflabréögðum og heyrт frá sjómönnum um land allt er ég ekki í vafa um að haustrall Hafrannsóknastofnunar sem nú stendur yfir og marsrallið munu koma mjög vel út varðandi þorskinn. Verði sú raunin á, er ekki eftir neinu að bíða með að auka við þorskkvótann strax í apríl, ekki að bíða með það fram í september. Við eignum að nýta okkur það góða ástand sem er á mörkuðum um þessar mundir og auka okkar hlutdeild þar. Hér er um milljarða spursmál að ræða sem í raun þolir enga bið og því er vert fyrir matvælaráðherra að skoða þennan möguleika strax.

Þingsályktunin

Nú er til meðferðar hjá Atvinnuveganefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar frá þingmönnum Vinstri hreyfingaráinnar græns framboðs. Þar er lagt til að hlutur þess sem haldið er eftir af leyfilegum heildarafla hverrar tegundar áður en úthlutað er samkvæmt aflahlutdeild verði aukinn í 8,3%. LS fagnar þingsályktuninni og hvetur atvinnuveganefnd til að veita henni brautargengi. Við umfjöllun nefndarinnar er þó nauðsynlegt að endurskoðuð verði skipting aflamagns innan kerfisins þar sem lögð verði áhersla á að styrkja strandveiðar, línuívilnun og byggðakvóa dagróðrabáta. Þá leggur LS áherslu á að framlag til hækkunarinnar hjá útgerðum smábáta – einyrkjum í útgerð hefjist ekki fyrr en leyfilegur þorskaflí nær 300 þúsund tonnum. Aflahlutdeild þeirra haldist óbreytt þar til því marki er náð, en verði að fullu lokið þegar heildaraflí nær 330 þúsund tonnum. Í niðurlagi umsagnar LS segir eftirfarandi:

„Það kann að koma háttvirtri nefnd á óvart hvers vegna LS skuli leggja til að smábátaútgerðin skuli ekki taka þátt í framlaginu samtímis stórútgerðinni. Helsta ástæða þess liggur í að smábátaeigendur ollu því ekki að félagslegum aðgerðum var komið á. Óumdeilt er að hagræðing stórútgerðarinnar hefur átt stærstan þátt í að aflaheimildir hinna dreifðu sjávarbyggða hurfu frá þeim. Af þeim sökum er eðlilegt að hluti hagræðingaráinnar skili sér til baka. Skoðun LS er því sanngjörn að öllu leiti.“

Mikilvægi strandveiða

Eins og gjarnan er við strandveiðar voru nokkur met slegin.

Aflaverðmæti aldrei hærra, sama á við um heildarafla, aflahæsta bátinn, margfaldur ufsaafli og aflaverðmæti.

Á hinn bóginn var annað met sem líka féll. Það flokkast ekki undir árangur heldur það sem menn vilja ekki upplifa aftur. Veiðarnar stöðvaðaðar að loknum 46. degi, síðasti dagur 21. júlí. Eins og ég kom inná fyrr í ræðu minni er með öllu óþolandí að ekki hafi fundist smuga í besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi fyrir 2 500 tonna viðbót til að tryggja 712 útgerðum veiðar til loka ágúst eins og veiðileyfi þeirra gilti.

Strandveiðar gegna sífellt auknu hlutverki í sjávarútveginum. Þær taka fagnandi á móti sjómönnum sem misst hafa pláss. Til dæmis vegna hagræðingar stærri útgerðar með fækkun í áhöfn.

Kvótaskerðingar hjá aðilum sem hafa rýrar veiðiheimildir, botnfrosins leigumarkaðar og síðast en ekki síst breyttra lífshátta þjóðarinnar þar sem gerð er krafa um aukna nærveru foreldra eða foreldris á heimilinu.

Samstaðan mikilvæg

Ekki verður hér settur punktur aftan við þátt strandveiða í ræðu minni.

Vart hefur verið við ASÍ heilkenni meðal okkar. Hluti áranna rær gegn straumnum og leggur til að snuíð verði við. Haldið til ársins 2017 þegar afla var skipt í 16 hluta, fjögur svæði á fjóra mánuði. Því miður

virðist matvælaráðherra hafa tekið þessu áralagi fagnandi í stað þess að einbeita sér að gera núverandi kerfi enn betra eins og flokksmenn hennar leggja til með þingsályktuninni. Það er von míni að aðalfundurinn finni leið til lausnar og komi með tillögu til ráðherra sem hann stendur allur á bakvið. Við eיגum aldrei og ég segi aldrei að óska eftir skerðingum, í því liði er nægur mannskapur sem við eיגum engar samleið með. Ráðherra á ekki að geta sagt í greinargerð með ætluðu frumvarpi sínu að hann sé að koma til móts við kröfur manna innan LS. Ráðherra á að bera fulla ábyrgð á efni væntanlegs frumvarps, svo er það okkar – LS og svæðisfélaga þess að taka afstöðu til stöðunnar eins og hún er hverju sinni.

Ráðgjöfin í ýsu

Eins og komið var inn á eru sjómenn á einu máli um að óhætt sé að veiða mun meira af þorski en gert er. Það sögðu þeir líka fyrir tveimur árum með ýsuna og nú loksns á yfirstandandi fiskveiðíári voru heimildir í ýsu auknar og það ekki um 7, 10 eða 15 prósent, heldur 47%.

Þeir höfðu rétt fyrir sér.

LS fór þess á leit við ráðherra í byrjun árs að aflaheimildir í ýsu yrðu auknar. Veiðiheimildir væru ekki í neinu samræmi við útbreiðslu og

magn ýsu á miðunum. Það torveldaði þorskveiðar, þar sem ýsa væri langtum hærra hlutfall við þær heldur en menn þekktu til.

Ráðherra hafnaði beiðninni á grundvelli umsagnar Hafrannsóknastofnunar þar sem sagði í niðurlagi bréfsins:

„Að víkja útaf aflareglum ítrekað er í raun að fylgja ekki aflareglu og því leggst stofnunin gegn því að bætt verði við aflaheimildir ýsu á yfirstandandi fiskveiðíári.“

Réttindamálin eru Landssambandinu afar hugleikin. Samgöngustofa sat við sinn keip og neitaði að lagfæra lögskráningakerfið í samræmi við ákvæði laga um mönnun báta. Stillti það þannig að munstra þurfti stýrimann í áhöfn ef útvist væri lengur en 14 klukkustundir. Tvennt sýndi vel hversu veikar stoðir voru fyrir þessari gjörð. Annars vegar að Landhelgisgæslan aðhafðist ekki varðandi málefnið og hitt að Innanríkisráðherra fór öðru sinni bónleiðar til þings til að fá skilning Samgöngustofu fest í lög. Barátta og mótmæli LS, ásamt grásróttinni hafði áhrif að þessu sinni. Tímamörkin verða frá og með 1. janúar nk. 19 klukkustundir, ekki er gerð krafa um stýrimann þegar eigandinn sjálfur rær og samningar við smiðjur varðandi vélbúnað er áfram inni í lögunum.

Á upphafsglæru ræðu minnar stóð:

Orkuskipti tekin fram yfir lífríki hafssins

Hvað á ég við?

Í Samráðsgátt stjórnvalda var á dögunum kynnt drög að frumvarpi til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og breytingar á lögum um stjórn fiskveiða – aflvísi og orkuskipti. Ég fæ ekki betur séð en orkumiklir trollrarar séu komnir í teygjubyssuna við 12 mílna landhelgis-línuna, bíði eftir að hleypt sé af þannig að þeir geti farið inn á viðkvæma slóð grunnslóðarinnar með sín risa veiðarfæri.

Lagt er til í frumvarpi til breytingar landhelgislögunum að skip sem stækka skrúfuna og þar með hækka sinn aflvísi verði undanþegin reglum um aflvísu.

M.ö.o.

Orkuskipti tekin fram yfir lífríki hafssins

Keyra á eftir þeirri stefnu að því mun styttra sem er á miðin þá muni orka sparast. Við megum því búast við þeim inn í matjurtargarðana hjá okkur.

- Hvernig mun Hafrannsóknastofnun bregðast við fyrirhuguðu frumvarpi?
- Hver er skoðun þeirra á að minnka loftslagsmengun á kostnað lífríkis sjávar?

Félagsmenn hafa haft samband við skrifstofu LS og segja að á ferðinni sé á ferðinni eitt allsherjarplott sem gangi út á að við auknar trollveiðar á grunnslóð muni enn fleiri útgerðir krókaflamarksbáta neyðast til að

láta frá sér aflaheimildir sem verði undanfari að sameiningu kerfanna.

Hvort eitthvað sé til í því mun ég ekki úttala mig um á þessari stundu.

Það er þó ekki einskær tilviljun að í frumvarpinu er jafnframt lagðar til breytingar á stærðartakmörkunum krókaflamarksbáta, þær verði afnumdar, já takið eftir, felldar úr gildi fyrir báta sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum.

Í umsögn LS er öllum hugmyndum um aukna sókn togskipa innan 12 sjómílna fiskveiðilandhelginnar harðlega mótmælt.

„Telji Hafrannsóknastofnun að auka þurfi veiðar á grunnslóð er það tillaga LS að það verði gert með veiðum dagróðrabáta sem nota umhverfisvæn veiðarfæri.

LS bendir á að næg sóknargeta er fyrir hendi hjá bátum sem nota kyrrstæð veiðarfæri. Notkun trolls og dragnótar við veiðar nálægt landi skilur eftir sig eyðimörk og fiskleysi á miðum smábáta sem ekki hafa stærðar sinnar vegna möguleika á að sækja á aðrar veiðislóðir.“, eins og segir í umsögn LS.

Kæru fundarmenn – það er í mörg horn að líta í starfsemi LS.

Vitanlega væri gaman að demba því öllu hér á borð, en líklega myndi það ekki leiða til áframhaldandi fundarsetu, þannig að ég hef ákveðið að þessu sinni að stikla aðeins á því helsta en vísa þess í stað til þeirra 139 færslna sem birst hafa á [heimasíðu](#) LS á síðustu 12 mánuðum, ásamt færslum á [Vaðli](#) LS (Facebook).

Grásleppan

Leyfilegur heildarafli var lækkaður úr 9 040 tonnum í 6 972 tonn – 23%. Gefnir voru út 25 dagar eða sá fjöldi sem grásleppunefnd LS lagði til. Ákvörðun sína byggði nefndin á orðum kaupenda sem sögðu engan áhuga á kaupum, allir ættu nóg. Annað kom nú á daginn þegar ljóst var hversu mikið dró úr veiði og Grænlendingar voru ekki að gera góða vertíð. Sem og að engin áhugi var á veiðum í Noregi vegna þess lága verðs sem í boði var.

Þegar upp var staðið skilaði vertíðin hér tæpum þriðjungi minni veiði en metárið 2021, í töluum tæpum sex þúsund tunnum. Þessa er farið að gæta á mörkuðum. Verð á hrognum frá sjómönnum hækkaði milli vertíða og geri ég ráð fyrir að sú hækkun haldi áfram eins og þrónin hefur verið á útflutningsverði.

Á aðalfundi í Snæfelli kom fram það sjónarmið að rétt væri að veiða það sem fiskifræðingar legðu til hverju sinni, en ekki að miða veiðar við markaðsaðstæður eins og gert hefur verið.

Ég tel rétt, þó ekki liggi fyrir tillaga um slíkt að í umræðu um grásleppuna verði þessi sjónarmið rædd. Hvort takmarkanir á veiði geti leitt til þess halda aftur af nýjum aðilum til að komast inn á markaðinn.

Aflabréogð voru góð á grásleppuvertíðinni og þátttaka í veiðunum breyttist ekki milli ára þó vertíðin væri í styrra lagi.

Aflahæsti báturinn á grásleppu var **Fönix BA með 70** tonn.

Línuívilnum – aðeins 67 bátar nýttu sér línuívilnun á síðasta fiskveiðíári en voru 88 á fiskveiðíárinu 2020/2021. Til að snúa þessari þróun við þurfa stjórnvöld að taka undir tillögu LS að allir dagróðrabátar minni en 30 brt fái línuívilnun.

Kjaramál

ENN hafa ekki tekist samningar milli sjómanna og útgerðarmanna. Viðræður LS og sjómannasamtakanna hafa því ekki átt sér stað. Helsta krafa sjómanna og það sem steytir á í viðræðum þeirra við SFS er hækkan á framlagi útgerðarinnar í lífeyrissjóð úr 8% í 11,5%.

Lífeyrissjóður

Umræða um lífeyrissjóði er mér ávallt hugleikin. Við skoðun á grein eftir Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðings á sviði lífeyris og vátrygginga sem birt var á Kalkofninum 14. október 2021 fjallar hann um kostnað og ávöxtun hjá lífeyrissjóðunum.

„Samhliða hratt vaxandi lífeyrissparnaði hefur heildarkostnaður við lífeyrissparnað landsmanna farið vaxandi“. „Einn stærsti útgjaldaliður lífeyrissjóða er bein og óbein fjárfestingargjöld.“

„Samkvæmt innsendum gögnum til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitsins) nemur heildarkostnaður samtryggingasjóða, beinn og óbeinn, tæplega 24 ma.kr. eða sem samsvarar um 0,46% af heildareignum sjóðanna þegar litið er á kerfið í heild. Auðvitað er kostnaður misjafn milli sjóða eða allt frá 0,17% til 0,93% af eignum“. „Með einföldu reiknilíkani má leiða að því líkum að til dæmis hækkan kostnaðar sem hlutfall af eignum úr 0,25% í 1% gæti lækkað réttindi (lífeyri) um 12% miðað við 40 ára sparnað.“ „Aðhald frá hagsmunaaðilum eins og sjóðfélögum ásamt kröfum um gagnsæi kostnaðar munu áfram skipta miklu varðandi kostnaðaraðhald.“ svo mörg voru þau orð.

Hjá sjóðnum okkar Gildi var hlutfallið 2020 0,52% en hækkaði í 0,66% fyrir árið 2021.

Að lokum vil ég þakka stjórn og formanni fyrir einstaklega gott samstarf á árinu.

Ræðu minni lýk ég eins og undanförnum átta fundum að vitna til aðila úr stjórnsýslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára afmæli LS árið 2015:

*Það er afdráttarlaus skoðun míni að LS hafi
með starfi sínu valdið straumhvörfum,
félagsmönnum sínum og íslenskum
sjávarútvegi, til mikilla heilla.“*

Takk fyrir gott hljóð og afbragsgóða hlustun.